



## FRÁ SKRIFSTOFU

Eins og íbúar Svalbarðsstrandarhrepps þekkja hefur verið sett á samkomubann með takmörkunum á fjölda nemenda í stofum. Eins og gefur að skilja hafa þessar breytinga áhrif á daglegt líf íbúa. Hér er að finna helstu breytingar sem tekið hafa gild og verða, að öllu óbreyttu í gildi fram yfir páska.

**Valsárskóli:** Skólastarf er frá klukkan 8 til klukkan 12. Nemendum er skipt í hópa og öll starfsemin tekur mið af þessari skiptingu.

**Vinaborg:** Vinaborg er lokuð.

**Leikskólinn Álfaborg:** Álfaborg opnar kl. 07:45 og lokar kl. 15:00. Í Álfaborg, líkt og í Valsárskóla er börnum skipt upp í minni hópa.

**Félagsstarf eldri borgara:** Félagsstarfið liggur niðri fram yfir páska og þriðjudagskaffið getur vonandi hafist að loknum páskum.

**Skrifstofa Svalbarðsstrandarhrepps:** Starfsemin tekur mið af heftu aðgengi og boðið er upp á símatíma, daglega milli kl. 10-12. Hægt er að senda póst á [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is).

Þetta eru undarlegir tímar sem við lifum og um leið og við reynum okkar besta við að fylgja eftir þeim tilmælum sem okkur berast, reynum við að fylgja þeim eins ýtarlega og við getum.

Samtakamáttur skilar okkur í gegnum þennan tíma og mikilvægt er að við virðum sóttkví og leggjum okkur fram um að hægja á útbreiðslu kórónaveirunnar.

Á heimasíðu hreppsins er að finna aðgerðaráætlun með nánari útskýringum á starfsemi sveitarfélgsins og ýmsar upplýsingar sem eru gagnlegar einstaklingum og hópum.

Við hédan af skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps sendum góðar kveðjur til íbúa og bendum á að við höfum sett upp símatíma daglega milli klukkan 10 og 12, hægt er að hringja utan þess tíma en við lofum að sitja við símann á þessum tíma. Hægt er að senda okkur tölvupóst á postur@svalbardsstrond.is.

---

## NÆSTU RUSLADAGAR

2. apríl - Almennt/lifrænt sorp

16. apríl - Endurvinnsla og almennt/lifrænt sorp

---

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 16. apríl.

Skilafrestur á efni er til kl. 15:00 þriðjudaginn 14. apríl.